

AUGLÝSING

um umferð í Árnassýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið, að Laugarvatnsvegur frá stað vestan við vegamót við Gjábackkaveg að stað austan við þjónustumiðstöð á Laugarvatni skuli vera aðalbraut.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1983.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

27. október 1983

Nr. 738

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Gunnarsbraut, frá Karlsrauðatorgi að Brimnesá, bæði við austur- og vesturbrún götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 27. október 1983.

Elías I. Elíasson.

18. október 1983

Nr. 739

REGLUGERÐ

um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnar.

I. KAFLI

Gerð einkennisfatnaðar.

1. gr.

Einkennisbúningur sem um getur í reglugerð þessari og hin ýmsu einkenni, sem á honum eru, er til að gefa til kynna að sá sem hann ber sé starfandi hjá flugmálastjórn og hvert starf hans er.

2. gr.

Einkennisbúningur starfsmanna flugmálastjórnar skal vera sem hér segir:

- a) Húfa úr bláu ullarefni með 5 cm breiðri uppstandandi gjörð, 6 cm breiðri reisn, gljáleðurskyggni og hökuól. Á gjörð skal vera 4 cm breiður svartur borði.
- b) Jakki úr bláu ullarefni. Skal hann vera einhnepptur, með þremur hnöppum af stærri gerð og skal hneppt á þá alla. Á ermum skulu vera minni hnappar, tveir á hvorri. Hnappar skulu vera gylltir með merki flugmálastjórnar. Á ermum skulu vera einkenni er tákna stöðu viðkomandi starfsmanns, sem nánar er lýst í 4. gr. Á hægri brjósti skal borið merki flugmálastjórnar, ásamt nafni og stöðu viðkomandi.
- c) Buxur, án uppbrota eða pils úr sama efni og jakkinn.